

Svar Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. vegna framhaldsfyrirspurnar áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um viðbrögð við niðurstöðum starfsánægjukönnunar slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna.

Þann 6. apríl 2022 barst Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins neðangreind fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins í borgarráði, dags. 17. mars 2022.

Eftirfarandi er svar slökkviliðsstjóra, Jóns Viðars Matthíassonar.

Fyrirspurnin

„Fulltrúi Flokks fólksins ítrekar fyrirspurnir um hvernig brugðist hafi verið við niðurstöðum starfsánægjukannanna hjá Slökkviliðinu á höfuðborgarsvæðinu. Í kjölfarið af niðurstöðum starfsánægjukannanna sem komu afar illa út hjá Slökkviliðinu fékk fulltrúi Flokks fólksins fréttir af því að SHS (Slökkviliðið á höfuðborgarsvæðinu) hafi farið í samstarf við Empower. Fulltrúi Flokks fólksins óskar upplýsinga um hvernig hefur verið brugðist við þessum niðurstöðum? Í ljósi þess að niðurstöður sýndu alvarlega stöðu hjá fyrirtækinu er spurt hvort ekki sé rétt að gerð verði heildarúttekt á trausti starfsfólks til stjórnenda SHS?“

Svar við fyrirspurn

Vísað er til svars við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins þann 15. nóvember 2021. Frá því að þeirri fyrirspurn var svarað hafa stjórnendur og starfsfólk fengið fræðslu um einelti, kynferðislega áreitni, kynbundna áreitni og ofbeldi (EKKO) frá Auðnast, fyrirtæki sem hefur m.a. sérhæft sig í EKKO málum. Stjórnendur fengu enn ítarlegri fræðslu en annað starfsfólk.

Markmið fræðslunnar var að opna umræðuna og fræða fólk um EKKO og færa stjórnendum aukna þekkingu og verkfæri til að geta stigið inn í og bætt orðræðuna á vaktinni. Eins að fræðslan gerði starfsfólki auðveldara að ræða þessi mál opið og eiga auðveldara með að setja mörk.

Þá var ákveðið að vinna að nýrri EKKO stefnu, hún hefur verið rýnd af starfshópi starfsfólks og mun verða kynnt á starfsmannafundi í maí. Þar verður m.a. kynnt veita út úr húsi sem fólk getur leitað til ef það treystir sér ekki til að ræða sín mál við stjórnendur innanhúss eða ef um formlega kvörtun er að ræða.

Þá er fyrirhugað að fara í frekari vinnu með varðstjórum í slökkviliðinu til að frekar styrkja þann hóp til að styðja við sitt starfsfólk á sínum vöktum. Stefnt er að því að farið verði í þá vinnu með haustinu.

Eitt af því sem kom fram á vinnustofum Empower var að búningsaðstöðu kvenna hjá slökkviliðinu væri ábótavant. Til upplýsinga þá er teikning að nýjum búningsklefum karla og kvenna í Hafnarfirði í burðarþolshönnun og er gert ráð fyrir að sú hönnun verði tilbúin núna í maí. Styttist því í að verði hægt að fara bjóða út þær framkvæmdir.

Hvort það sé rétt að gerð verði heildarúttekt á trausti starfsfólks til stjórnenda Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins og þá á hvaða tímapunkti felur slökkviliðsstjóri öðrum að meta.